

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum,  
sbr. reglugerð nr. 658/2002.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á kafla A-1 í viðauka II reglugerðarinnar:

- a. Við aukaefnaflokkinn 4.1.1 bætist eftirfarandi efni:
- |                                      |   |     |
|--------------------------------------|---|-----|
| Askorbinsýra og askorböt (E 300-302) | } | GFH |
| Sítrónusýra (E 330)                  |   |     |
- b. Við aukaefnaflokkinn 4.1.3 bætist eftirfarandi efni:
- |                                      |   |                                      |
|--------------------------------------|---|--------------------------------------|
| Askorbinsýra og askorböt (E 300-302) | } | GFH, Aðeins í flysjaðar<br>kartöflur |
| Sítrónusýra (E 330)                  |   |                                      |
- c. Eftirfarandi efni fellur brott úr aukaefnaflokknum 9.4.1:
- |                    |                                                                   |
|--------------------|-------------------------------------------------------------------|
| Nitröt (E 251-252) | (Alls 250 mg/kg í saltaðar,<br>reyktar eða niðurlagðar kjötvörur) |
|--------------------|-------------------------------------------------------------------|

### 2. gr.

2. tölul. 2. mgr. 18 gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

3. tölul. tilskipunar 65/66/EBE um sérstök skilyrði um hreinleika rotvarnarefna sem heimilt er að nota í matvæli með síðari breytingum, 16. tölul. tilskipun 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum með síðari breytingum, 17. tölul. tilskipun 78/664/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir þráavarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli með síðari breytingum, 29. tölul. tilskipunar 81/712/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins til staðfestingar á að tiltekin aukefni sem notuð eru í matvælum fullnægi skilyrðum um hreinleika, 46. tölul. tilskipunar 95/31/EB um hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni sem ætluð eru til notkunar í matvælum með breytingum 98/66/EB, 2000/51/EB og 2001/52/EB, tilskipun 95/45/EB um hreinleikaskilyrði fyrir litarefni, með breytingum 99/75/EB og 2001/50/EB og tilskipun 2002/82/EB um hreinleikaskilyrði fyrir aukefni önnur en litar- og sætuefni.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (tilskipun nr. 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni). Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfísráðuneytinu, 30. september 2003.*

F. h. r.

**Halldór Þorgeirsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*